



# Óheimil grisjun stofnana ríkisins

---

Eftirfylgni við könnun á skjalavörslu ríkisins 2012

Þjóðskjalasafn Íslands | Nóvember 2015





ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

**Óheimil grisjun stofnana ríkisins**

– eftirfylgni við könnun á skjalavörslu ríkisins 2012

**Samantekt:**

Árni Jóhannsson

**Ritstjórn:**

Árni Jóhannsson og Njörður Sigurðsson

**Hönnun og umbrot:**

Kría hönnunarstofa

**Útgefandi:**

Þjóðskjalasafn Íslands

Laugavegi 162

105 Reykjavík

5903300

[upplýsingar@skjalasafn.is](mailto:upplýsingar@skjalasafn.is)

[www.skjalasafn.is](http://www.skjalasafn.is)

© Nóvember 2015 Þjóðskjalasafn Íslands

# Óheimil grisjun stofnana ríkisins

Eftirfylgni við könnun á skjalavörslu ríkisins 2012

## EFNISYFIRLIT

<b>1. Inngangur</b> .....	4
<b>2. Könnuninni fylgt eftir</b> .....	4
<b>3. Niðurstöður</b> .....	5
3.1 Stofnanir sem grisja án heimildar .....	5
3.2 Svör stofnana sundurgreind .....	6
3.2.1 Hreinsun í stað grisjunar .....	6
3.2.2 Misskilningur .....	6
3.2.3 Vanþekking á lögum um skjalavörslu .....	6
3.2.4 Heimild til staðar .....	7
3.3 Upplýsingar um skjöl sem grisjuð voru án heimildar .....	8
3.3.1 Hvaða skjöl voru grisjuð án heimildar? .....	8
3.3.2 Af hvaða tilefni skjölin urðu til í starfsemi stofnunarinnar? .....	8
3.3.3 Hvort um frumrit eða afrit hafi verið að ræða? .....	8
3.3.4 Magn þeirra skjala sem eytt var í hillumetrum? .....	8
3.3.5 Hvaða tímabil skjölin ná yfir sem eytt var? .....	8
3.3.6 Hvers vegna skjölunum var eytt? .....	8
3.3.7 Hver veitti heimild til grisjunar? .....	8
3.3.8 Hvenær grisjunin átti sér stað? .....	8
<b>Viðauki 1</b> .....	9
– Bréf vegna skjala sem grisjuð voru án heimildar .....	9

## 1. INNGANGUR

Í febrúar 2012 framkvæmdi Þjóðskjalasafn Íslands könnun á skjalavörslu ríkisins. Markmið könnunarinnar var meðal annars að afla upplýsinga um almennt ástand skjalavörslu hjá opinberum aðilum, að fá yfirlit yfir hvernig skjalavörslu einstakra stofnana er háttað og að afla upplýsinga um hvernig reglur og leiðbeiningar Þjóðskjalasafns skila sér til stofnana. Árið 2013 var gefin út skýrsla með heildarniðurstöðum könnunarinnar, *Könnun Þjóðskjalasafns Íslands á skjalavörslu ríkisins 2012*. Skýrslan var prentuð og send öllum stofnunum ríkisins og einnig er hún aðgengileg á vef Þjóðskjalasafns.<sup>1</sup>

Frá því að skýrslan kom út hefur einstökum niðurstöðum könnunarinnar verið fylgt nánar eftir. Í þessari skýrslu eru niðurstöður eftirfylgni Þjóðskjalasafns Íslands vegna svara stofnana við grisjun án heimildar. Með hugtakinu grisjun er átt við skipulega eyðingu skjala úr skjalasöfnum sem fram fer samkvæmt lögum ásamt því að ákveðnum reglum og aðferðafræði er fylgt. Grisjun er bundin við skjalasöfn sem heildir. Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal nema með heimild Þjóðskjalasafns Íslands eða sérstökum reglum skv. 7. grein þágildandi laga um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985.<sup>2</sup>

## 2. KÖNNUNINNI FYLGT EFTIR

Alls svöruðu 173 afhendingarskyldir aðilar könnuninni og af þeim sögðust 55 afhendingarskyldir hafa grisjað skjöl úr skjalasafni sínu, eða um 32% svarenda. Þeir aðilar sem svöruðu að skjöl hefðu verið grisjuð voru einnig spurðir hvort grisjunin hafi verið með heimild Þjóðskjalasafns Íslands eins og lög kveða á um. Sem svar við þeirri spurningu sögðu 25 aðilar að grisjunin hefði ekki verið með heimild Þjóðskjalasafns og 26 aðilar sem sögðu að heimild fyrir grisjun hefði verið fyrir hendi. Fjórir aðilar svöruðu ekki spurningunni.

Svör	Fjöldi	%
Já	26	47%
Nei	25	46%
Svara ekki	4	7%
Alls	55	100%

Mynd 1 Var grisjað samkvæmt heimild frá Þjóðskjalasafni Íslands?

Þegar svörin voru borin saman við upplýsingar Þjóðskjalasafns um afhendingarskylda aðila kom í ljós að í raun voru aðeins 16 aðilar af þeim 26 sem sögðust vera með grisjunarheimild með heimild frá Þjóðskjalasafni fyrir grisjun. Það voru því samtals 35 aðilar sem höfðu grisjað án þess að hafa til þess heimild frá Þjóðskjalasafni Íslands. Það benti til þess að 20% þeirra sem svöruðu könnunni væru að grisja skjöl án heimildar. Ákveðið var að leita nánari upplýsinga um óheimila eyðingu skjala.

1. *Könnun Þjóðskjalasafns Íslands á skjalavörslu ríkisins 2012*. Ritstjórar Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Njörður Sigurðsson. Reykjavík 2013. Sjá einnig á vef Þjóðskjalasafns: [http://skjalasafn.is/files/docs/2012\\_skjalavarsla\\_rikis\\_konnun.pdf](http://skjalasafn.is/files/docs/2012_skjalavarsla_rikis_konnun.pdf).

2. Lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands voru í gildi þegar könnunin var gerð árið 2012. Lög um Þjóðskjalasafn féllu úr gildi með gildistöku laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn í maí 2013. Í lögum um opinber skjalasöfn er að finna sambærilegt ákvæði um grisjun skjala afhendingarskyldra aðila.

Leitað var upplýsinga hjá öllum stofnunum sem svarað höfðu því til að hafa eytt skjölum án heimildar Þjóðskjalasafns Íslands. Níu stofnanir sendu viðunandi skýringar á grisjuninni í kjölfar þess að niðurstöður úr allri könnuninni voru sendar til stofnana sem þátt tóku í nóvember 2012. Þá var 26 stofnunum, sem gefið höfðu upplýsingar um óheimila grisjun í könnuninni 2012, sent bréf þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum grisjunina. Óskað var eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. hvaða skjöl voru grisjuð án heimildar?
2. af hvaða tilefni skjölin urðu til í starfsemi stofnunarinnar?
3. hvort um frumrit eða afrit hafi verið að ræða?
4. magn þeirra skjala sem eytt var í hillumetrum?
5. hvaða tímabil skjölin ná yfir sem eytt var?
6. hvers vegna skjölunum var eytt?
7. hver veitti heimild til grisjunar?
8. hvenær grisjunin átti sér stað?

Bréfið var sent 4. mars 2013 og fengu stofnanir einn mánuð til að svara. Ítrekun var svo send út 27. nóvember sama ár. Engin svör bárust frá fimm stofnunum. Því gáfu alls 30 stofnanir skýringar á grisjun án heimildar.

## 3. NIÐURSTÖÐUR

### 3.1 Stofnanir sem grisja án heimildar

Af 35 stofnunum sem sögðu í könnun Þjóðskjalasafns Íslands á skjalavörslu ríkisins árið 2012 að hafa grisjað án heimildar svöruðu 30 eftirfylgnispurningum safnsins. Fimm svöruðu ekki.

Svar	Fjöldi	%
Svöruðu ÞÍ	30	86%
Svöruðu ekki	5	14%
Alls	35	100%

Mynd 2 Svöruðu stofnanir erindi Þjóðskjalasafns Íslands?

Af þeim 30 stofnunum sem gáfu skýringar á svörum sínum um óheimila eyðingu kom í ljós að aðeins sex af þeim höfðu í raun eytt skjölum án heimildar. Má rekja það til vanþekkingar starfsmanna á lögum um opinbera skjalavörslu. Hinar stofnanirnar misskildu hugtakið grisjun, stunduðu hreinsun en ekki grisjun í sínum skjalasöfnum eða höfðu heimild til eyðingar skjala í lögum eða opinberum reglum.

Svör	Fjöldi	%
Hafa stundað óheimila grisjun	6	17%
Hafa ekki stundað óheimila grisjun	24	83%
Alls	30	100%

Mynd 3 Raunveruleg óheimil grisjun

## 3.2 Svör stofnana sundurgreind

Svör stofnana við eftirfylgnispurningum Þjóðskjalasafns gáfu til kynna að skortur er á skilningi starfsmanna á grundvallarhugtökum í skjalastjórn og skjalavörslu eins og kom fram í niðurstöðum skýrslu um könnun á skjalavörslu ríkisins 2012.<sup>3</sup> Efla þarf þennan skilning.

Greina má svör stofnana um grisjun án heimildar í fjóra flokka, þ.e. að um hreinsun en ekki grisjun var að ræða, misskilningur á hugtakinu grisjun, vanþekkingu á lögum um opinber skjalavörslu og að heimild fyrir grisjun var til staðar í öðrum lögum. Hér á eftir er nánari umfjöllun um svör stofnananna.

Svar	Fjöldi	%
Hreinsun	10	29%
Misskilningur	8	23%
Vanþekking	6	17%
Heimild til staðar	6	17%
Svara ekki	5	14%
Alls	35	100%

Mynd 4 Svör stofnana greind í flokka

### 3.2.1 Hreinsun í stað grisjunar

Svör frá tíu stofnunum mátti greina á þann veg að stofnunin hafði í raun stundað hreinsun í stað grisjunar. Með hreinsun er átt við að rissblöðum, aukaeintökum og umbúðum eins og plastvösum er hent þegar gengið er frá málskjölum í skjalageymslu við lok máls. Á meðan grisjun er skipuleg eyðing skjala sem fram fer samkvæmt lögum ásamt því að ákveðnum reglum og aðferðarfræði er fylgt. Þessar stofnanir svöruðu m.a. að hent hefði verið afritum og ljósritum af skjölum sem oft voru til í mörgum eintökum. Þá var einnig fargað vinnugögnum starfsmanna, s.s. afrit af frumritum, útprentanir úr rafrænum gagnakerfum og handbækur útgefnar af öðrum sem starfsmenn hafa notað í störfum sínum.<sup>4</sup>

### 3.2.2 Misskilningur

Alls svöruðu átta stofnanir því til að svör stofnunarinnar í könnuninni 2012 er varða grisjun væri á misskilningi byggt og engum skjölum hefði verið eytt. Starfsmenn sem svöruðu könnuninni höfðu misskilið hvað átt væri við þegar talað væri um grisjun. Nokkrir aðilar sögðu til að mynda að þeir hafi talið að hugtakið grisjun þýddi afhendingu skjala til Þjóðskjalasafns eða færslu skjala af skrifstofu í skjalageymslu. Einn aðili svaraði því til að svarið væri byggt á grisjunaráætlun sem væri til í stofnuninni, sem gerði ráð fyrir því að bókhaldsfylgiskjölum yrði eytt þegar sjö ár væru liðin frá lokum reikningsárs. Því hafi hins vegar aldrei verið fylgt eftir þar sem heimild til grisjunar hafi ekki verið fyrir hendi.

### 3.2.3 Vanþekking á lögum um skjalavörslu

Flokka má svör frá sex stofnunum sem vanþekkingu á lögum um opinbera skjalavörslu. Þessar stofnanir höfðu allar eytt bókhaldsfylgiskjölum og sögðu að það hafi verið gert í samræmi við lög um bókhald nr. 145/1994 þar sem eyðing fylgiskjala er heimilud sjö árum eftir lok reikningsárs. Svo virðist sem að í stofn-

3. Könnun Þjóðskjalasafns Íslands á skjalavörslu ríkisins 2012, bls. 9.

4. Vinnugögn sem stofnanir höfðu hreinsað og eytt voru ekki vinnugögn í skilningi upplýsingalaga nr. 140/2012. Í 8. gr. laganna segir: „Vinnugögn teljast þau gögn sem stjórnvöld eða lögaðilar skv. 2. og 3. gr. hafa ritað eða útbúið til eigin nota við undirbúning ákvörðunar eða annarra lykta máls. Nú eru gögn afhent öðrum og teljast þau þá ekki lengur til vinnugagna nema þau hafi einvörðungu verið afhent eftirlitsaðila á grundvelli lagaskyldu.“



ununum hafi ekki hafi verið þekking á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands og ákvæði laganna um óheimila eyðingu skjala nema með heimild safnsins. Þrátt fyrir heimild í bókhaldslögum um eyðingu skjala þá á það ekki við um afhendingarskylda aðila. Ríkisendurskoðun hefur bent á þetta með útgáfu fyrirmæla sem bera heitið „Bókhald ríkisstofnana.Varðveisla fylgiskjala“, frá febrúar 1993. Þar er tekið fram:

*Ríkisendurskoðun vill minna stofnanir á að samkvæmt bókhaldslögum er almennt skylt að geyma fylgiskjöl a.m.k. í 7 ár, sum skjöl og bækur þarf þó að geyma lengur.*

*Varðveisla fylgiskjala eftir 7 ára geymslutíma bókhaldslaga er háð fyrirmælum í lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985. Stofnanir mega því ekki henda skjölum eftir þann tíma nema að höfðu samráði við Þjóðskjalavörð, sbr. 7. grein laganna.*

Fyrirmælin voru m.a. birt í leiðbeiningarritinu *Skjalavarsla stofnana. Handbók* sem Þjóðskjalasafn gaf út árið 1995. Í leiðbeiningarritinu *Grisjun. Leiðbeiningar fyrir ríkisstofnanir um grisjun skjala* sem hefur verið aðgengilegt á vef Þjóðskjalasafns í fjölda ára eru jafnframt leiðbeiningar um grisjun og varðveislu á fylgiskjölum bókhalds og farið yfir ákvæði laga. Það er áhyggjuefni að opinberir aðilar þekki ekki lagaumhverfið sem snýr að skjalavörslu þeirra og eyði skjölum án þess að leita heimildar Þjóðskjalasafns Íslands.

### 3.2.4 Heimild til staðar

Í ljós kom að sex stofnanir sem haft var samband við og talið var að hefðu grisjað án heimildar höfðu í raun heimild fyrir grisjun skjala. Þrjár framhaldsskólar voru í þessum flokki en þeir hafa heimild í aðalnámskrá framhaldsskóla til að grisja prófúrlausnir.<sup>5</sup> Þá voru tvær stofnanir sem voru með heimild fyrir grisjun á fylgiskjölum bókhalds en höfðu svarað í könnuninni 2012 að stofnanirnar hefðu grisjað án heimildar vegna misskilnings. Þá hafði ein stofnun lagaheimild fyrir eyðingu skjala en það er Hagstofa Íslands.<sup>6</sup>

5. Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011. Almenntur hluti. Reykjavík 2012. <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adal-namskra-framhaldsskola/>

6. Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007, 12. gr.: „Hagstofunni er skylt að varðveita öll tölfraðigögn um einstaklinga og lögaðila tryggilega og beita viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja öryggi gagna.

- Trúnaðargögnum til hagskýrslugerðar skal eytt að lokinni hagnýtingu þeirra nema ástæða þyki til að varðveita þau til frekari rannsókna innan eða utan Hagstofunnar, en þá skal afmá persónuauðkenni þeirra eða dylja.

- Ákvæði laga um skilaskyldu til Þjóðskjalasafns, sbr. 5. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, gilda ekki um trúnaðargögn til hagskýrslugerðar og þeim skal ekki komið fyrir til geymslu þar.

### 3.3 Upplýsingar um skjöl sem grisjuð voru án heimildar

Í þessum kafla er umfjöllun um þau skjöl sem grisjuð voru án heimildar og svör stofnana við spurningum.

#### 3.3.1 Hvaða skjöl voru grisjuð án heimildar?

Skjöl sem grisjuð voru án heimildar voru í öllum tilfellum fylgiskjöl bókhalds. Framhaldsskólar höfðu grisjað prófúrlausnir skv. heimild í aðalnámsskrá og Hagstofa Íslands tölfræðigögn skv. heimild í lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð.

#### 3.3.2 Af hvaða tilefni skjölin urðu til í starfsemi stofnunarinnar?

Í öllum tilvikum var svarið við þessari spurningu að skjölin höfðu orðið til við starfsemi og rekstur stofnunarinnar.

#### 3.3.3 Hvort um frumrit eða afrit hafi verið að ræða?

Bæði var um að ræða frumrit og afrit skjala sem var eytt án heimildar hjá aðilunum sem svöruðu spurningum Þjóðskjalasafns.

#### 3.3.4 Magn þeirra skjala sem eytt var í hillumetrum?

Ekki fengust nægilega nákvæmar upplýsingar um magn þeirra skjala sem var eytt án heimildar. Þeir aðilar sem svöruðu töldu að magn skjala sem eytt var væri 337 hillumetrar.

#### 3.3.5 Hvaða tímabil skjölin ná yfir sem eytt var?

Elstu skjölin sem eytt var voru frá árinu 1986 og þau yngstu voru frá árinu 2013.

#### 3.3.6 Hvers vegna skjölunum var eytt?

Plássleysi, í skjalageymslum og á skrifstofum, var aðalástæðan sem var nefnd til sögunnar í svörum stofnana um ástæður grisjunar án heimildar. Einn aðili sagði að ástæðan væri sú að skjölin væru orðin sjö ára gömul og vísaði þar í heimild í bókhaldslögum um eyðingu á fylgiskjölum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur.

#### 3.3.7 Hver veitti heimild til grisjunar?

Það voru forstöðumenn stofnana sem veittu heimildir til grisjunar í stofnununum sem svöruðu spurningum Þjóðskjalasafns.

#### 3.3.8 Hvenær grisjunin átti sér stað?

Fá svör fengust við spurningunni um hvenær skjölum var eytt hjá þeim aðilum sem taldir voru hafa stundað óheimila grisjun. Ein stofnun eyddi skjölum árið 2006 þegar stofnunin flutti í annað húsnæði. Önnur stofnun sagðist hafa eytt fylgiskjölum bókhalds með reglulegu millibili, þegar skjölin væru búin að ná sjö ára aldri. Þriðja stofnunin eyddi fylgiskjölum bókhalds á árunum 2009–2011 en fylgiskjölin voru frá árunum 1988–2002.

---

- Hagstofan skal setja sérstakar reglur um öryggi og varðveislu trúnaðargagna, þar á meðal um varðveislu eða eyðingu pappírsgagna, hvort eða hvenær skuli eyða tölvugögnum og afmá eða dylja auðkenni þess háttar gagna.“



# VIÐAUKI 1

## – Bréf vegna skjala sem grisjuð voru án heimildar



*Þjóðskjalasafn Íslands*  
*National Archives of Iceland*

Reykjavík 4. mars 2013  
Tilv. 1302048/1.4.0

### Efni: Grisjun skjala án heimildar

Í febrúar 2012 gerði Þjóðskjalasafn Íslands rafræna könnun á skjalavörslu afhendingaskyldra aðila. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um stöðu skjalavörslu stofnana ríkisins til að styrkja ráðgjöf, þjónustu og eftirlit Þjóðskjalasafns og kanna hvernig stofnanir uppfylla þau lög og reglur sem skjalavörslu ríkisins eru settar. Svör stofnana við könnuninni voru keyrðar saman við upplýsingar um stöðu þeirra hjá Þjóðskjalasafni og í nóvember 2012 voru niðurstöður könnunar sendar til forstjóðumanna ásamt tillögum til úrbóta.


Í svörum þinnar stofnunar kom fram að skjölum hafði verið eytt með heimild Þjóðskjalasafns. Hins vegar hefur Þjóðskjalasafn ekki veitt [REDACTED] heimild til eyðingar skjala en samkvæmt 7. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands er afhendingarskyldum aðilum óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnunum sínum nema með heimild stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns. Í svörum stofnunarinnar var ekki gefið upp hvaða skjöl voru grisjuð.

Þjóðskjalasafn óskar hér með eftir nánari upplýsingum um þau skjöl sem eytt var:

1. hvaða skjöl voru grisjuð án heimildar
2. af hvaða tilefni skjölin urðu til í starfsemi stofnunarinnar
3. hvort um frumrit eða afrit hafi verið að ræða
4. magn þeirra skjala sem eytt var í hillumetrum
5. hvaða tímabil skjölin ná yfir sem eytt var
6. hvers vegna skjölunum var eytt
7. hver veitti heimild til grisjunar
8. hvenær grisjunin átti sér stað

Óskað er eftir skriflegum svörum og að þau berist Þjóðskjalasafni Íslands í síðasta lagi 1. apríl 2013.

Virðingarfyllt,

  
Njördur Sigurðsson  
sviðsstjóri skjalasviðs

Póstfang:  
Laugavegi 162  
105 Reykjavík

Sími: 590 3300  
www.skjalasafn.is  
upplýsingar@skjalasafn.is

Kennitala: 710269-1149  
Pósthölf: R5 5390  
Fax: 590 3301



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Nóvember 2015